

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (14 Umhverfissráðuneyti).

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til umhverfisnefndar dagsett 21. október 2010.

Á fund nefndarinnar kom Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir frá umhverfissráðuneyti.

Heildarútgjöld umhverfissráðuneytis árið 2011 eru áætluð um 8.945 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 2.006 m.kr. en þær nema 22% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Útgjöld ráðuneytisins dragast saman samkvæmt frumvarpinu um 101,5 m.kr. Útgjaldabreytingunni milli ára má skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi verða gerðar ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 416 m.kr. í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin hefur sett í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Í öðru lagi er um að ræða ýmsar breytingar á útgjaldaskuldbindingum sem falla til á árinu 2011 en þær nema 586,3 m.kr. Þar af eru 148 m.kr. vegna breytinga á fjárheimildum verkefna sem fjármögnuð eru að fullu með ríkistekjum og hafa þar með ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs og 142,5 m.kr. millifærð fjárheimild frá iðnaðarráðuneytinu sem veldur þá jafn mikilli lækkun þar. Á móti því vega, í þriðja lagi, tímabundin framlög til ýmissa verkefna sem falla niður en þau nema 271,8 m.kr. Nettóhækkun vegna breytinga á útgjaldaskuldbindingum er því alls 314,5 m.kr. Loks bætast við verðlagshækkningar ársins 2011, sem eru áætlaðar 38,9 m.kr., þannig að heildargjöldin verða 6.939 m.kr.

Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 4.553,6 m.kr. og hækka um 362,5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarfjárveitingar flestra stofnana og verkefna sem heyra undir ráðuneytið eru lækkaðar alls um 261 m.kr. vegna áforma um hagræðingu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir auknum eða nýjum útgjaldaskuldbindingum í rekstri sem nema 774,5 m.kr. Þar munar mest um 310 m.kr. vegna aukinnar veltu Úrvinnslusjóðs og 100 m.kr. hækkun á framlagi vegna nýrrar Byggingarstofnunar, samkvæmt frumvarpi til laga um mannvirki, auk þess sem 142,5 m.kr. fjárheimildir eru fluttar til umhverfissráðuneytis frá öðrum ráðuneytum vegna tilflutnings á verkefnum. Á móti falla niður nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna að fjárhæð 188 m.kr. Loks nemur verðlagshækkun fjárveitinga til rekstrar um 37 m.kr. Neyslu- og rekstrartilfærslur lækka um 230,1 m.kr. og verða 2.059,2 m.kr. en eru 2.289,3 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Vegur þar þyngst 170 m.kr. lækkun á framlagi til Endurvinnslunnar hf. og 47 m.kr. hækkun á framlagi til skipulagsmála sveitarfélaga. Viðhalds- og stofnkostnaður er áætlaður 326,2 m.kr. og er það 195 m.kr. lækkun milli ára. Munar þar mest um framlög til framkvæmda í Vatnajökulspjóðgarði um 55 m.kr. og framlög til Ofanflóðasjóðs um 53 m.kr.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að málefnasviði nefndarinnar og kynnt sér samdráttartillögur umhverfissráðuneytisins. Meiri hlutinn telur sýnt að ráðuneytið hefur mætt þeim samdráttarmarkmiðum sem gerð var krafa um með því að skera niður útgjöld til einstakra liða. Skerðingin er þó mismikil eftir einstökum stofnunum og verkefnum enda var hún útfærð eftir forgangsröð og áherslum ráðuneytisins.

Meiri hlutinn áréttar einnig nauðsyn þess í efnahagsþrengingum að ekki sé gengið of nærri stofnunum og verkefnum og að reynt sé til þrautar að forðast fækkun starfa. Meiri hlutinn telur einnig nauðsynlegt að ráðuneyti og ríkisstjórn beiti sér fyrir því að bæta rekstrarskilyrði frjálsra félagasamtaka sem starfa við umhverfismál á Íslandi. Meiri hlutinn leggur einnig áherslu á að endurskoða þurfi fyrirkomulag við úthlutun fjárveitinga af safnliðum í fjárlagafrumvarpinu. Mögulegt væri að stofna umhverfisverndarsjóð með faglegri stjórn sem gerði tillögur til fjárveitingavaldsins um úthlutun fjár á grundvelli umsókna frá frjálsum félagasamtökum, opinberum aðilum og einkaaðilum. Slík ráðstöfun yrði til þess fallin að stuðla að faglegra og fræðilegra mati á verkefnum sem ráðstafað yrði til. Meiri hlutinn telur hins vegar að

nauðsynlegt væri að tryggja að ákvarðanir um skiptingu fjármuna á milli sjóða og mótun reglna um úthlutanir yrði áfram á valdi þingsins þar sem fjárveitingavald er á höndum þess.

Nefndinni hafa borist þrjátíu og tvær umsóknir um fjárveitingu af safnlið 14-190-1.90, Ýmis verkefni, og komu níu aðilar á fund nefndarinnar. Meiri hlutinn gerir að tillögu sinni að tuttugu umsóknir fái styrk. Við skiptingu styrkja var lögð áhersla á að fjármagn færi til þeirra sem standa fyrir fræðsluverkefnum ekki síst gagnvart börnum og ungmennum, atvinnusköpun, almannafræðslu og nýsköpun á sviði umhverfisverndar. Auk þess telur meiri hlutinn mikilvægt að styrkja Náttúrufræðistofu Kópavogs, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands og áframhaldandi uppbyggingu náttúruseturs á Húsabakka í Svarfaðardal. Meiri hlutinn áréttar að sótt hafi verið um til margra mikilvægra verkefna en ekki sé svigrúm til að veita öllum styrk en samkvæmt tillögum hans er auk þess víða skorið niður frá fyrri árum. Gerð er tillaga að framlagi til Gróðurs fyrir fólk í landnámi Ingólfs vegna uppgræðslu með áherslu á nýtingu lífrænna úrgangsefna og hækkun á framlagi til verkefnis samtakanna Skólar á grænni grein í ljósi þess hversu mikið verkefnið hefur vaxið og þeirra vinsælda sem það nýtur. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að styrkja verkefnið, sem eflir umhverfisfræðslu og styrkir stöðu umhverfismenntar og menntunar til sjálfbærrar þróunar á Íslandi til framtíðar. Þáttakendur í verkefninu eru neytendur framtíðarinnar og mikilvægt að umhverfisfræðsla gegni lykilhlutverki í menntun þeirra.

Einnig gerir meiri hlutinn tillögu að áframhaldandi framlagi til tveggja verkefna við gerð hættumats og viðbragðsáætlana vegna gróðurelda, annars vegar í Skorradal og hins vegar Hafnarfirði. Telur meiri hlutinn rétt að benda á að verkefnið í Skorradal gæti nýst öllum sveitarfélögum á landinu. Hins vegar, í ljósi umræðu um breytingar á fyrirkomulagi við úthlutun fjárveitinga af safnliðum, er mikilvægt að finna verkefninu annan stað í framtíðinni til að tryggja framgang þess. Þá gerir meiri hlutinn tillögu að framlagi til þriggja aðila á Eyjafjarðarsvæðinu vegna verkefna til að hefta útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils. Er sú tillaga í samræmi við stefnu stjórnvalda um að setja útbreiðslu tegundanna strangar skorður til þess að takmarka neikvæð áhrif þeirra á íslenska náttúru, en jafnframt að nýta kosti alaskalúpínu á völdum svæðum til landgræðslu og ræktunar.

Meiri hlutinn telur rétt að ítreka þau sjónarmið sem komið hafa fram í álitum umhverfisnefndar vegna frumvarpa til fjárlaga fyrir árið 2010, 2009 og 2008 að rétt sé að íhuga vandlega hvort ekki sé ástæða til að Náttúrufræðistofa Kópavogs fái lögformlega stöðu og verði látin heyra undir lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992.

Meiri hlutinn lýsir yfir stuðningi við umsókn framkvæmdaráðs Snæfellsness en vísar henni til fjárlaganefndar til sérstakrar skoðunar. Telur meiri hlutinn að verkefnið sé mjög vandað og nauðsynlegt sé að styrkja áfram umhverfisvottun sveitarfélaga. Í ljósi hversu umfangsmikið verkefnið er og styrkbeiðnin nálægt því að vera helmingur af ráðstöfunarfé nefndarinnar, telur meiri hlutinn eðlilegra að vísa umsókninni til fjárlaganefndar með þeim skilaboðum að það verðskuldi stuðning.

Tillögur meiri hlutans um skiptingu safnliðarins koma fram í sérstöku fylgiskjali.

Alþingi, 16. nóvember 2010.

Skúli Helgason.

Jónína Rós Guðmundsdóttir.

Auður Lilja Erlingsdóttir.

Vigdís Hauksdóttir með fyrirvara.

Ólafur Þór Gunnarsson.

14-190-190

Nánari skýring	Beiðni Fjárlög		Tillaga
	2011	2010	
Arnarsetur Íslands í Reykhólahreppi.	10,0		2,0
Auðlind Náttúrusjóður, starfsemi.	2,4		1,0
Dalvíkurbyggð, Náttúrusetur að Húsabakka, stuðningserindi, sjá 152.	0,0		
Dyrfjallaklasi, náttúrugarður.	4,0		
Eyjafjarðarsveit, eyðing kerfils.	3	2,0	1,5
Framkvæmdaráð Snæfellsness, EarthCheck-umhverfissvottun.	15,0		
Fuglaathugunarstöð Suðausturlands, starfsemi.	6,8		1,3
Fuglaverndarfélag Íslands, starfsemi.	3,0		1,0
Grímsnes- og Grafningshreppur, svifryksmælir.	0,0		
Gróður fyrir fólk í Fjarðabyggð.	3	3,0	
Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs, starfsemi.	7	5,0	4,9
Grænn gróði ehf., útbreiðsla lúpínu hamin.	3,5		0,8
Hið íslenska náttúrufræðifélag, Náttúrufræðingurinn.	0,8		
Hrísið ehf., útrýming skógarkerfils og lúpínu.	3		0,5
Hveragerði, svifryksmælir.	0,0		
Landgræðslufélag Héraðsbúa, landgræðsla og stöðvun jarðvegsrofs.	1,5	1,0	0,8
Landvernd, rekstur.	9,0	6,3	6,0
Landvernd, skólar á grænni grein (Grænfáninn).	11,0	1,0	2,0
Landvernd, umhverfisfræðsla að Alviðru	2,0		
Náttúran er ehf., verkefni.	4,2	1,8	1,0
Náttúrufræðistofa Kópavogs, vöktun á vatnsgæðum og lífríki Þingvallavatns	10,0	4,0	4,0
Náttúrusetur á Húsabakka, uppbygging, sýningar og námskeið.	10,0	4,0	4,0
Náttúruverndarsamtök Íslands, starfsemi.	4,5		1,0
Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur, Katla Geopark.	35,9		
SASS, svifryksmælir og mælingar.	0,0		
Skorradalshreppur, hættumat og viðbragðsáætlanir vegna gróðurelda.	2,7	1,0	1,0
Skotveiðifélag Íslands, starfsemi og fræðsla.	3,0	0,8	0,8
Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, viðbrögð og varnir við skógarbruna.	5,0	1,0	1,0
Skógræktarfélag Rangæinga, Bolholt göngustígar.	2,5		
Snæfellsbær, Framkvæmdaráð Snæfellsness, umhverfissvottun Earth Check, stu	10,0	10,0	
Stykkishólmsbær, Earth Check (áður Green Globe).	0,0		
Sveitarfélagið Hornafjörður, fuglaathugunarstöð á Hornafirði.	0,0		
	172,8		34,6

Til ráðstöfunar samkvæmt fjárlagafrumvarpi: 34,6

Mismunur: 0